

yfirrjettarmálsfærslumanns Gísla Ísleifssonar,  
10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að  
lögum.

Mánudaginn 31. ágústmánaðar.

Nr. 2/1896:

Rjettvisin

gegn

Ingvari Sveinssyni og  
Guðrúnu Jónsdóttur.

#### D ó m u r :

Mál þetta var í hjeraði höfðað gegn hinum ákærðu hjónum búandi í Koti á Rangárvöllum fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði, og gekk dómur í því fyrir aukarjetti Rangárvallasýslu 6. ágúst f. á. þannig, að ákærði Ingvar Sveinsson var samkvæmt 250., 230., 236. og 231. gr. sbr. 63. gr. almennra hegningarlaga dæmdur til að sæta 12 mánaða betrunarhússvinnu, og ákærða Guðrún Jónsdóttir samkvæmt 231. sbr. 55. og 56. gr. sömu laga sbr. einnig 58. og 63. gr. laganna dæmd í 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Svo voru hin ákærðu og dæmd til að greiða in solidum allan sakarkostnað og í iðgjöld til Guðna Kr. Guðnasonar 12 kr., Sigurðar Ólafssonar 70 a., Hjartar Oddssonar 70 a., Ólafs Jónssonar 50 a. og Jóns Böðvarssonar 6 kr. 50 a. Dómi þessum er skotið til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum

skýrslum í málinu er það sannað, að þau hafa gjörzt sek í eptirnefndum afbrotum:

Um fráfarur 1894 tók ákærði Ingvar gemling, er Jón bóndi Böðvarsson í Dagverðarnesi átti og sem var kominn í túnið á Koti, þar sem ákærðu bjuggu, og rak hann inn í hesthús á bænum; sagði hann síðan konu sinni, ákærðu Guðrúnu Jónsdóttur, að gemlingurinn væri í hesthúsinu, og kom þeim þá saman um að stela kindinni og slátrudu henni í eldhúsinu, og hjelt konan fótunum. Eigandi gemlingsins hefur krafzt 6 kr. 50 a. í skadabætur og hafa ákærðu samþykkt þá upphæð.

Haustið 1894, þegar komið var með Hekluhraunssafnið að Koti, dró ákærði Ingvar úr safninu ásamt sínu eigin fje tvævetran sauð hnýflóttan með erfðamarki sínu, en sem hann vissi glögglega að hann átti ekki, og hjelt sauðnum eptir með sínu fje, er farið var burtu með safnið. Ljet ákærði konu sína vita, er leitarmenn voru farnir, að sauður væri í fje sínu, er hann ætti ekki, en væri með marki föður hans, og urðu þau þá sammála um að kasta eign sinni á sauðinn, og var honum þegar í stað slátrað. Eigandi sauðsins Guðni Kr. Guðnason hefur krafzt endurgjalds fyrir sauðinn, 12 kr., sem ákærðu hafa samþykkt.

Þá hefur ákærði vorið 1894 stolið allt að 1 pd. af ull (70 aura virði eptir því sem samþykkt er af ákærðu) af mórauðum gemling, er Hjörtur Oddsson í Kirkjubæ átti, en gemlinginn fann hann skammt frá bæ sínum og rak hann heim með fje

sinu. Kona ákærða hjálpaði honum til að rýja gemlinginn, og vissi hún þó að hann átti hann ekki. Um sama leyti tók ákærði Ingvar einnig hnefaylli af ull af sauð frá Keldum, sem hann rak heim í kvíar á Koti ásamt fleiru fje; meira var ekki á sauðnum af ull. Kona ákærða vissi ekkert um þennan þjófnað. Þá dró ákærði undir sig um sama leyti um 1 pd. ullar (70 aura virði), er hann tók af sauð, er Sigurður Ólafsson á Hellishólum átti og sem verið hafði í fóðrum hjá ákærða Ingvari um veturinn. Það er eigi sannað að kona ákærða hafi vitað að ákærði ætlaði að draga sjer ullina. Loks er sannað, að ákærði Ingvar tók veturinn 1894—95 tvívegis lítið eitt af við í annars manns landi, alls um  $\frac{2}{3}$  úr bagga (50 aura virði), er hann hjó þar leyfislaust, og tók kona hans við viðnum og hagnýtti sjer, þótt hún vissi að hann væri ófrjáls.

Þar sem ákærðu eru í undirrettardóminum enn fremur dæmd fyrir að hafa markað sjer og síðan selt ómerking, er þau vissu eigi hver átti, þá þykir eigi eptir framhaldsprófum þeim, er haldin hafa verið yfir hinum ákærðu að boði yfirdómsins, rjett að dæma ákærðu sek í stuldi á lambi þessu, því að þau virðast hafa haft ástæðu til að ætla að ómerkingurinn væri undan á, er þau áttu, og að hafa ímyndað sjer hálf í hvoru, að svo væri, þó þau væru eigi viss um það. Verður því eigi álitid að það hafi verið beint ætlun ákærðu að þau tækju annara eign, er ákærði markaði sjer lambid.

Hin ákærðu eru komin yfir lögaldur saka-

manna og hafa eigi áður sætt refsingu eða verið dæmd fyrir neitt lagabrot. Afbrot ákærða Ingv-ars Sveinssonar í þessu máli ber að heimfæra undir 230., 231., 236. og 255. grein almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau með hliðsjón til 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 10 mánaða betrunarhúsvinna. Afbrot ákærðu, Guðrúnar Jónsdóttur, heyra undir 250. og 230. gr. sbr. 48. gr. hegningarlaganna og 240. gr. sömu laga, og ákveðst hegningin með skírskotun til 63. gr. laganna 5×5 daga fangelsi við vatn og braud. Um iðgjöld og málskostnað samþykkjast ákvæði undirjettardómsins. Hinum ákærðu ber og að greiða in solidum allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins er það aðfinnsluvert, að í þrem rjettarhöldum í málinu, 6. ágúst f. á. og 12. marz þ. á., hafa kvennmenn verið rjettarvottar, en þetta er eigi lögum samkvæmt, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 36. og 24. gr. og N. L. 1—7, og að hjeraðsdómarinn hefur eigi tekið upp í dóminn hið fyrirskipaða vottorð um málsreksturinn í hjeraði samkvæmt tilsk. 3. júní 1796 35. gr. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið víta- laus og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður,

þó svo að hegning ákærða Ingvars Sveinsonar sje 10 mánaða betrunarhúsviuna og hegning ákærðu Guðrúnar Jónsdóttur 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hinum ákærðu ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins in solidum, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. októbermánaðar.

Nr. 8/1896: Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps  
 gegn  
 Eggert Laxdal f. h. Gudmanns  
 Efterfølger's verzlunar.

D ó m u r:

Hinn stefndi verzlunarstjóri Eggert Laxdal á Akureyri, sem veitir forstöðu verzlun þeirri, er þar er rekin undir nafni »Gudmanns Efterfølgers«, hefur talið til skuldar hjá áfrýjandanum, hreppsnefnd Hrafnagilshrepps, að upphæð 235 kr. 56 a., fyrir ýmislegar vörur, sem hann hafði lánað frá verzluninni árin 1892—1894 Guðmundi nokkrum Olafssyni, þurfamanni Hrafnagilshrepps, og með því að hann þóttist hafa veitt Guðmundi verzlunarlán